

ERINDISBRÉF FYRIR UNGMENNARÁÐ AKRANESS

1. gr.

Stjórnskipuleg staða.

Ungmennaráð Akraness heyrir undir skóla- og frístundaráð og er ráðgefandi um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu og önnur þau málefni sem þau vilja koma á framfæri eða aðrir kalla eftir sjónarmiðum um. Ungmennaráðið skal þjálfa börn og ungmenni í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa þeim vettvang til að koma á framfæri skoðunum sínum.

2. gr.

Skipan ungmennaráðs.

Ungmennaráð er skipað níu fulltrúum og níu varamönnum á aldrinum 13 - 25 ára sem eru með búsetu á Akranesi. Með ráðinu starfar starfsmaður skipaður af skóla- og frístundaráði. Ráðið skal vera skipað eftirfarandi fulltrúum:

- Fulltrúi Grundaskóla til eins árs
- Fulltrúi Brekkubæjarskóla til eins árs
- Fulltrúi FVA til eins árs
- Fulltrúi Arnardals til tveggja ára
- Fulltrúi Hvíta Hússins til tveggja ára
- Fulltrúi ÍA til tveggja ára
- Fulltrúi Tónlistarskóla Akraness til tveggja ára
- Fulltrúi ungmenna með fötlun til tveggja ára
- Fulltrúi ungmenna 20-25 ára til tveggja ára (Frístundamiðstöðin Þorpið sér um tilnefningu á fulltrúa)

Kjörtímabil ráðsins er frá 1. september til 30. júní ár hvert.

Fulltrúar grunnskólanna, félagsmiðstöðvarinnar og fjölbrautarskólans skulu skipaðir til eins árs í senn. Aðrir fulltrúar skulu skipaðir til tveggja ára (undantekning haustið 2019).

Haustið 2019 skal skipa eftirfarandi fulltrúa til eins árs:

- Grundaskóla, Brekkubæjarskóla, FVA, Arnardals, ungmenna 20-25 ára og tónlistarskólans.

Haustið 2019 skal skipa eftirfarandi fulltrúa til tveggja ára (og síðan annað hvert ár):

- Hvíta hússins og ungmenna með fötlun og ÍA.

Haustið 2020 skal skipa eftirfarandi fulltrúa til eins árs:

- Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og FVA.

Haustið 2020 skal skipa eftirfarandi fulltrúa til tveggja ára (og síðan annað hvert ár):

- Ungmenna 20-25 ára, Arnardals og tónlistarskólans.

Fulltrúar í Ungmennaráði Akraness skulu fá greidda þóknun fyrir fundarsetu sem ákvörðuð er af bæjarráði fyrir sambærilegar nefndir á vegum Akraneskaupstaðar.

3. gr.

Starfshættir.

Ungmennaráð Akraness skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála. Auk þess geta bæjaryfirvöld óskað eftir ráðgefandi áliti frá ráðinu og falið þeim að standa fyrir viðburðum. Ráðið skal skipta með sér verkum og kjósa sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður sér um boðun funda sem skal vera skrifleg eða rafræn og tilgreina skal fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum í ungmennaráðinu eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundi Ungmennaráðsins skal skrá í fundargerð sem skal lögð fram í skóla- og frístundaráð til upplýsingar. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeiganda, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Starfsmaður ráðsins sér til þess að fundargerð sé skilað til skóla- og frístundaráðs. Deildarstjóri í Þorpinu er tengiliður Ungmennaráðs við bæjaryfirvöld og skóla- og frístundaráð. Hann starfar með ráðinu og er til aðstoðar í málum sem ráðið tekur til umfjöllunar.

Ungmennaráð skal funda a.m.k. fimm sinnum á ári, þrisvar að hausti og tvisvar að vori. Ráðið boðar til sín alla formenn ráða/sviðsstjóra Akraneskaupstaðar að hausti.

Ungmennaráð skipuleggur og sér um ungmennaping að hausti og undirbýr bæjarstjórnarfund unga fólksins.

Aðalmönnum er skylt að mæta á fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal þá boða varamenn og láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara.

4. gr.

Hlutverk.

Ungmennaráð Akraness er formlegur vettvangur fyrir börn og ungmenni til að koma skoðunum sínum sem varðar sveitarfélagið á framfæri. Skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar og skulu ráð/svið Akraneskaupstaðar hafa við það samráð um málefni ungmenna.

Móta verklag um hvernig fulltrúar ungmenna njóti fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og þjálfa börn og önnur ungmenni í slíkum vinnubrögðum.

Ráðið skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum barna og ungmenna í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks.

Gera tillögur um hvernig best sé að standa að aðgerðum í forvarnarmálum barna og unglínga og hvernig æskilegt sé að haga starfsemi þeirra stofnana bæjarins sem ungmenni sækja og um önnur mál sem varða hagsmuni barna og unglínga.

Aðrar nefndir og stofnanir á vegum Akraneskaupstaðar geta einnig leitað ráðgjafar frá ungmennaráði eða Ungmennaráðið haft frumkvæði að samráði.

Ungmennaráð Akraness getur gert tillögu að þátttöku ungmenna í viðburðum á vegum Akraneskaupstaðar.

Stuðla að samstarfi við önnur ungmennaráð á landinu.

5. gr.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í ungmennaráði gilda ákvæði sveitstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar eftir atvikum.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið.

Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í ráðinu eða láti af störfum á þess vegum.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 18. júní 2019.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 27. júní 2019.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri